

Fimmtudaginn 26. febrúar 1987.

Nr. 98/1986. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurði Kristjáni Guðmundi Sigurðssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Skjalafals. Brot í opinberu starfi. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjórns-son og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. febrúar 1986 að ósk ákærða. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 16. desember 1986. Af hálfu ákærvalds er dóminum áfrýjað refsingu til þyngingar, en því er lýst yfir að unað sé við sýnuákvæði dómsins að því er varðar burðargjaldsnótur nr. 9, 31, 35, 46 og 134 frá 1981 og akstursnótur nr. 16, 25, 28, 37, 40, 43, 47, 48, 51, 54 og 62 frá 1981 og nr. 15 frá 1982. Verður þeim ákvæðum því ekki haggð.

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti snýst það því um notkun á 299 fölsuðum skjölum, í fyrsta lagi 231 kvittun frá pósthúsum, útgefnum á árunum 1976-1982, í öðru lagi 63 ökugjaldskvittunum frá árunum 1981 og 1982 og loks fimm reikningum frá ritfangaverslunum á árinu 1982. Mörg skjala þessara bera það ljóslega með sér að breytt hefur verið tölum í þeim, svo sem með því að bæta tölustöfum framan við eða inn í tölur, breyta tölustöfum o.fl. Eru viðbætur þessar oft gerðar með annars konar bleki eða öðruvísi penna, stafagerð önnur o.fl. Skjölin hafa öll verið athuguð sérfræðilega, ýmist af Ragnari Vigni aðstoðaryfirlögregluþjóni, forstöðumanni tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins, eða Maríu Bergmann skriftarfræðingi, en sum hafa þau bæði rannsakað. Þá hafa skýrslur verið teknar af útgefendum að mestum hluta burðargjaldanótnanna, en þó ekki allra, en sumar bera það ekki með sér hver ritað hafi þær. Við rannsókn málsins var og aflað nokkurra upplýsinga frá útgefendum sumra ökugjaldsnótnanna.

Þegar virt eru í heild gögn þau sem fyrir liggja í málinu þykir

eigi varhugavert að telja sannað að umræddum skjölum hafi öllum verið breytt með þeim hætti sem í ákæru greinir, nema hvað upphafleg fjárhæð burðargjaldsnótu nr. 2/1976 hefur verið 180,00 krónur og burðargjaldsnótu nr. 21/1977 300,00 krónur.

Ákærði notaði öll umrædd skjöl í reikningsskilum sínum við ríkissjóð. Þótt eigi sé sannað svo óyggjandi sé að ákærði hafi falsað skjölin sjálfur með eigin hendi þykir eigi efamál að skjölin hafi hann notað vitandi vits til þess að blekkja með þeim í lögskiptum. Samkvæmt þessu ber að refsa ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði notaði skjölin til þess að afla sér fjárvinnings, en 155. gr. hegningarlaga tæmir sök, þannig að ákærði verður ekki jafnframt dæmdur fyrir brot gegn 247. gr. sömu laga.

Ákærði var opinber starfsmaður og framdi brot sín með verkum sem telja verður misnotkun á stöðu hans og ber því að dæma honum refsingu með hliðsjón af refsihækkunarákvæði 138. gr. almennra hegningarlaga. Við mat refsingar ber ennfremur að líta til 77. gr. sömu laga, en um mjög mikinn fjölda brota var að ræða. Hins vegar var fjárvinningur hans af hverju broti fyrir sig smávægilegur, en heildarávinningurinn nam 39.558,25 nýkrónum eins og í héraðsdómi greinir. Að þessu öllu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Af hálfu ákærða hefur ekki verið hreyft athugasemdum við aðild ríkissjóðs að bótakröfu, né fjárhæð hennar eða vöxtum. Þykir mega staðfesta bótaákvæði héraðsdóms með þeim breytingum að vextir frá 1. janúar 1980 til 1. janúar 1981 reiknist af 2.307,65 krónum en eigi 2.304,65 krónum og frá 1. janúar 1983 til greiðsludags af 39.558,25 krónum en eigi 39.588,25 svo sem mishermt er í dómsorði héraðsdóms.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Í þinghaldi 29. nóvember 1985 tók héraðsdómari skýrslur af 19 vitnum. Virðast vitni þessi lítt eða ekki hafa verið spurð sjálfstætt, heldur er yfirleitt látið nægja að bóka að þau staðfesti „framburð sinn fyrir lögreglu.“ Af vitnum þessum höfðu þó engar skýrslur verið teknar fyrir lögreglu, heldur liggur einungis fyrir skýrsla rann-

sóknarlögreglumans, þar sem hann greinir frá viðtölum við vitni þessi. Voru þessir yfirheyrsluhættir því andstæðir 1. og 2. mgr. 102. gr. laga nr. 74/1974. Þá er aðfinnsluvert að héraðsdómari hefur við samningu dóms fellt inn í hann margar af skýrslum ákærða og vitna fyrir dómi, og einnig fyrir rannsóknarlögreglu, í heilu lagi, nær orðréttar og án nokkurrar úrvinnslu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur til ríkissjóðs er staðfest, þó svo að frá 1. janúar 1980 til 1. janúar 1981 reiknist vextir af 2.307,65 krónum og frá 1. janúar 1983 til greiðsludags af 39.558,25 krónum.

Ákvæði héraðsóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 22. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 3. janúar 1986, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dags. 29. júlí 1983 fyrir sakadómi Kópavogs á hendur Sigurði Kristjáni Guðmundi Sigurðssyni, Löngubrekku 23, Kópavogi, fæddum 11. janúar 1934 á Ísafirði, fyrir fjárdrátt og skjalafals, með því að hafa í starfi sínu sem fræðslustjóri í Vestfjarðaumdæmi á árunum 1976 til 1982, en í því starfi fólust meðal annars allar fjárreiður og gerð reikningsskila fyrir Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis, dregið sér af rekstrarfé fræðsluskrifstofunnar samtals á fyrrgreindu tímabili kr. 41.358,25 og jafnframt breytt til hækkunar fjárhæðum kvittana og reikninga yfir rekstrargjöld fræðsluskrifstofunnar í sama mæli og fjárdrættinum nam frá ári til árs og síðan lagt greiðslugögnin þannig breytt til grundvallar reikningsskilum hvers árs fyrir sig, svo sem hér verður nánar rakið.

Árið 1976.

Dregið sér samtals gkr. 4.100,00 sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum október - desember 1976.

Nr. kv.	Dagsetning kvittunar	Bókuð upphæð gkr.	Upphafleg upphæð gkr.	Mismunur fjárdreginn gkr.
1.	17.12.76	4.055	1.055	3.000
2.	18.12.76	1.180	80	1.100
Samtals kr.		5.235	1.135	4.100

Árið 1977.

Dregið sér samtals gkr. 39.950,00 sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1977.

Nr. kv.	Dagsetning kvittunar	Bókuð upphæð gkr.	Upphafleg upphæð gkr.	Mismunur fjárdreginn gkr.
2.	20.07.77	4.035	1.035	3.000
3.	29.11.77	6.190	90	6.100
10.	03.08.77	1.190	190	1.000
12.	05.10.77	4.510	510	4.000
13.	12.09.77	4.145	145	4.000
14.	18.05.77	4.500	450	4.050
15.	19.04.77	4.595	595	4.000
16.	15.02.77	4.290	290	4.000
18.	19.01.77	4.085	1.085	3.000
19.	06.06.77	2.595	595	2.000
20.	25.05.77	1.460	460	1.000
21.	22.06.77	3.000	200	2.800
22.	19.08.77	1.295	295	1.000
Samtals kr.		45.890	5.940	39.950

Árið 1978.

Dregið sér samtals gkr. 108.135,00 sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1978.

Nr. kv.	Dagsetning kvittunar	Bókuð upphæð gkr.	Upphafleg upphæð gkr.	Mismunur fjárdreginn gkr.
7.	03.11.78	2.400	240	2.160
8.	27.11.78	7.600	760	6.840
9.	28.11.78	1.400	140	1.260
18.	09.10.78	7.000	70	6.930
21.	08.11.78	1.400	140	1.260
22.	19.01.78	1.900	90	1.810
23.	04.10.78	6.700	70	6.630
24.	22.06.78	6.140	140	6.000
25.	14.11.78	7.930	1.930	6.000
26.	23.02.78	1.360	360	1.000
27.	22.03.78	8.720	720	8.000
29.	24.10.78	4.140	140	4.000
30.	08.02.78	1.850	850	1.000
32.	20.09.78	1.400	140	1.260
33.	10.11.78	1.410	410	1.000
34.	12.04.78	12.040	2.040	10.000
35.	17.04.78	13.170	3.170	10.000
36.	21.11.78	6.140	140	6.000
38.	27.09.78	7.405	740	6.665
39.	15.03.78	6.400	400	6.000
40.	31.07.78	4.800	480	4.320
43.	31.03.78	12.700	2.700	10.000
	Samtals kr.	124.005	15.870	108.135

Árið 1979.

Dregið sér samtals gkr. 78.780,00 sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1979.

Nr. kv.	Dagsetning kvittunar	Bókuð upphæð gkr.	Upphafleg upphæð gkr.	Mismunur fjárdreginn gkr.
9.	29.01.79	6.400	640	5.760
15.	07.03.79	3.130	130	3.000
16.	13.03.79	3.900	390	3.510
19.	19.03.79	6.900	690	6.210

23.	27.03.79	900	90	810
34.	07.05.79	1.380	380	1.000
45.	02.07.79	4.690	690	4.000
50.	26.07.79	3.110	110	3.000
51.	27.07.79	4.110	110	4.000
61.	24.09.79	9.150	150	9.000
70.	08.10.79	2.300	230	2.070
73.	16.10.79	4.140	140	4.000
80.	02.11.79	1.400	140	1.260
81.	02.11.79	7.500	750	6.750
82.	06.11.79	1.440	440	1.000
84.	14.11.79	1.100	110	990
87.	23.11.79	5.800	580	5.220
88.	26.11.79	6.600	660	5.940
93.	10.12.79	6.860	860	6.000
98.	17.12.79	4.140	140	4.000
100.	20.12.79	1.400	140	1.260
	Samtals kr.	86.350	7.570	78.780

Árið 1980.

Dregið sér samtals gkr. 684.450, sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1980.

<i>Nr.</i> <i>kv.</i>	<i>Dagsetning</i> <i>kvittunar</i>	<i>Bókuð</i> <i>upphæð</i> <i>gkr.</i>	<i>Upphafleg</i> <i>upphæð</i> <i>gkr.</i>	<i>Mismunur</i> <i>fjárdreginn</i> <i>gkr.</i>
4.	09.01.80	6.500	500	6.000
8.	18.01.80	41.280	1.280	40.000
10.	22.01.80	12.180	2.180	10.000
11.	22.01.80	10.640	640	10.000
12.	23.01.80	9.450	450	9.000
15.	30.01.80	14.680	4.680	10.000
16.	05.02.80	33.900	3.900	30.000
19.	08.02.80	12.490	2.490	10.000
20.	11.02.80	6.860	860	6.000
21.	12.02.80	12.310	2.310	10.000
22.	12.02.80	6.230	230	6.000
23.	26.02.80	1.200	120	1.080
24.	29.02.80	6.150	150	6.000

Nr. kv.	Dagsetning kvittunar	Bókuð upphæð nýkr.	Upphafleg upphæð nýkr.	Mismunur fjárdreginn nýkr.
25.	18.03.80	24.050	4.050	20.000
29.	15.04.80	12.680	2.680	10.000
30.	17.04.80	7.100	100	7.000
33.	25.04.80	6.240	240	6.000
35.	30.04.80	4.720	720	4.000
41.	19.05.80	8.170	170	8.000
43.	26.05.80	31.000	310	30.690
44.	27.05.80	6.140	140	6.000
45.	28.05.80	22.750	2.750	20.000
46.	29.05.80	42.400	2.400	40.000
47.	03.06.80	4.280	280	4.000
48.	04.06.80	12.800	280	12.520
50.	13.06.80	31.360	1.360	30.000
51.	19.06.80	4.770	1.770	3.000
54.	01.07.80	42.800	280	42.500
56.	21.07.80	6.870	870	6.000
59.	07.08.80	1.500	150	1.350
63.	26.08.80	14.500	4.500	10.000
70.	29.09.80	3.640	640	3.000
71.	02.10.80	6.190	190	6.000
73.	01.10.80	10.150	150	10.000
75.	14.10.80	6.400	640	5.760
78.	28.10.80	16.620	620	16.000
79.	29.10.80	12.660	2.660	10.000
83.	12.11.80	52.500	500	52.000
84.	13.11.80	12.130	2.130	10.000
86.	19.11.80	9.600	960	8.640
87.	24.11.80	10.690	690	10.000
89.	26.11.80	12.330	2.330	10.000
90.	27.11.80	10.690	690	10.000
91.	27.12.80	4.440	1.400	3.000
92.	28.11.80	6.210	210	6.000
93.	01.12.80	51.700	1.700	50.000
94.	02.12.80	6.530	530	6.000
95.	04.12.80	32.020	2.020	30.000
96.	05.12.80	12.100	210	11.890
98.	09.12.80	4.590	690	4.000
105.	31.12.80	7.690	690	7.000
	Samtals kr.	746.980	62.530	684.450

Dregið sér samtals kr. 22.581,10, sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1981.

Nr. kv.	Dagsetning kvittunar	Bókuð upphæð nýkr.	Upphafleg upphæð nýkr.	Mismunur fjárdreginn nýkr.
1.	23.01.81	43,20	3,20	40,00
2.	20.01.81	614,40	14,40	600,00
3.	29.01.81	13,20	3,20	10,00
4.	30.01.81	113,20	3,20	110,00
5.	13.04.81	70,70	7,70	63,00
7.	13.04.81	1.180,00	1,80	1.178,20
8.	28.04.81	73,60	3,60	70,00
9.	30.04.81	118,30	18,30	100,00
11.	19.06.81	124,60	24,60	100,00
12.	18.06.81	118,20	8,20	110,00
13.	15.05.81	65,40	5,40	60,00
14.	05.06.81	124,60	24,60	100,00
17.	25.05.81	65,40	5,40	60,00
18.	20.05.81	17,70	7,70	10,00
20.	25.06.81	63,80	3,80	60,00
21.	22.05.81	123,40	23,40	100,00
22.	17.08.81	112,60	12,60	100,00
23.	29.06.81	13,80	3,80	10,00
24.	09.07.81	61,90	6,90	55,00
27.	06.07.81	110,10	10,10	100,00
28.	29.07.81	614,50	14,50	600,00
29.	02.07.81	13,80	3,80	10,00
30.	13.08.81	60,30	6,30	54,00
31.	07.08.81	120,00	12,00	108,00
35.	28.09.81	12,10	2,10	10,00
36.	28.09.81	56,30	6,30	50,00
37.	01.10.81	66,90	6,90	60,00
38.	28.09.81	122,20	22,20	100,00
40.	15.10.81	46,90	6,90	40,00
42.	23.10.81	49,00	9,00	40,00
43.	21.10.81	16,90	6,90	10,00
44.	20.10.81	62,10	2,10	60,00
45.	16.10.81	113,20	13,20	100,00

<i>Nr.</i> <i>kv.</i>	<i>Dagsetning</i> <i>kvittunar</i>	<i>Bókuð</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Upphafleg</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Mismunur</i> <i>fjárdreginn</i> <i>nýkr.</i>
46.	14.10.81	19,00	9,00	10,00
47.	05.10.81	64,20	4,20	60,00
48.	29.07.81	98,20	8,20	90,00
49.	22.07.81	112,00	12,00	100,00
50.	09.11.81	234,60	34,60	200,00
51.	03.11.81	115,30	15,30	100,00
52.	04.11.81	320,10	20,10	300,00
53.	03.11.81	120,70	20,70	100,00
54.	19.11.81	110,50	10,50	100,00
55.	11.11.81	139,00	39,00	100,00
56.	12.11.81	113,20	13,20	100,00
57.	23.11.81	424,90	24,90	400,00
63.	21.12.81	19,80	9,80	10,00
64.	28.07.81	55,70	5,70	50,00
65.	28.10.81	121,60	21,60	100,00
66.	30.11.81	127,60	27,60	100,00
68.	17.02.81	428,30	28,30	400,00
69.	17.02.81	611,80	11,80	600,00
70.	06.02.81	411,80	11,80	400,00
71.	14.12.81	1.106,70	106,70	1.000,00
76.	25.03.81	111,80	1,80	110,00
77.	19.03.81	105,40	5,40	100,00
78.	17.03.81	1.600,10	100,10	1.500,00
81.	31.05.81	65,40	5,40	60,00
82.	06.02.81	130,60	3,60	127,00
84.	13.01.81	120,70	20,70	100,00
86.	19.01.81	117,70	7,70	110,00
87.	19.02.81	47,20	7,20	40,00
89.	25.02.81	119,50	9,50	110,00
91.	06.02.81	61,80	1,80	60,00
93.	13.02.81	47,70	7,70	40,00
96.	31.03.81	360,00	3,60	356,40
97.	26.02.81	117,20	7,20	110,00
98.	25.02.81	112,60	12,60	100,00
99.	27.02.81	13,60	3,60	10,00
101.	03.03.81	416,70	16,70	400,00
104.	09.01.81	63,20	3,20	60,00
105.	12.01.81	128,80	28,80	100,00

<i>Nr. kv.</i>	<i>Dagsetning kvittunar</i>	<i>Bókuð upphæð nýkr.</i>	<i>Upphafleg upphæð nýkr.</i>	<i>Mismunur fjárdreginn nýkr.</i>
106.	21.12.81	119,00	19,00	100,00
107.	19.01.81	189,20	89,20	100,00
114.	29.04.81	115,10	15,10	100,00
115.	27.04.81	110,80	10,80	100,00
116.	18.05.81	525,20	25,20	500,00
118.	19.06.81	119,60	19,60	100,00
119.	26.05.81	120,30	20,30	100,00
128.	09.10.81	120,10	20,10	100,00
130.	02.12.81	62,30	2,30	60,00
131.	01.12.81	121,30	21,30	100,00
133.	08.12.81	1.655,00	165,50	1.489,50
134.	23.12.81	411,20	41,20	370,00
135.	20.07.81	618,20	8,20	610,00
136.	05.05.81	113,60	3,60	110,00
137.	09.04.81	140,50	40,50	100,00
138.	15.01.81	143,20	3,20	140,00
139.	14.01.81	13,40	3,40	10,00
	Samtals kr.	17.775,30	1.494,20	16.281,10

B. Akstursnótur 1981.

<i>Nr. nótu</i>	<i>Dagsetning nótu</i>	<i>Bókuð upphæð nýkr.</i>	<i>Upphafleg upphæð nýkr.</i>	<i>Mismunur fjárdreginn nýkr.</i>
1.	10.01.81	165,00	65,00	100,00
2.	12.01.81	168,00	68,00	100,00
3.	16.05.81	148,00	48,00	100,00
4.	29.05.81	135,00	35,00	100,00
5.	06.04.81	163,00	63,00	100,00
6.	29.04.81	140,00	40,00	100,00
7.	28.04.81	139,00	39,00	100,00
8.	07.04.81	145,00	45,00	100,00
9.	08.04.81	135,00	35,00	100,00
10.	07.04.81	152,00	52,00	100,00
11.	10.04.81	134,00	34,00	100,00
12.	26.03.81	152,00	52,00	100,00
13.	04.03.81	178,00	78,00	100,00
14.	04.03.81	137,00	37,00	100,00

<i>Nr.</i> <i>kv.</i>	<i>Dagsetning</i> <i>kvittunar</i>	<i>Bókuð</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Upphafleg</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Mismunur</i> <i>fjárdreginn</i> <i>nýkr.</i>
15.	30.03.81	172,00	72,00	100,00
16.	21.03.81	131,00	31,00	100,00
17.	ó dags.	151,00	51,00	100,00
18.	14.12.81	159,00	59,00	100,00
19.	15.12.81	154,00	54,00	100,00
20.	11.12.81	144,00	44,00	100,00
21.	21.11.81	158,00	58,00	100,00
22.	15.11.81	151,00	51,00	100,00
23.	08.11.81	150,00	50,00	100,00
24.	08.11.81	140,00	40,00	100,00
25.	21.10.81	145,00	45,00	100,00
26.	30.07.81	141,00	41,00	100,00
27.	05.10.81	160,00	60,00	100,00
28.	21.10.81	133,00	33,00	100,00
29.	30.10.81	140,00	40,00	100,00
30.	13.09.81	136,00	36,00	100,00
31.	12.09.81	169,00	69,00	100,00
32.	17.09.81	139,00	39,00	100,00
33.	19.09.81	133,00	33,00	100,00
34.	27.08.81	168,00	68,00	100,00
35.	24.08.81	151,00	51,00	100,00
36.	10.08.81	130,00	30,00	100,00
37.	10.08.81	174,00	74,00	100,00
38.	24.08.81	150,00	50,00	100,00
39.	28.08.81	133,00	33,00	100,00
40.	10.06.81	162,00	62,00	100,00
41.	30.03.81	130,00	30,00	100,00
42.	24.03.81	138,00	38,00	100,00
43.	20.02.81	160,00	60,00	100,00
44.	20.02.81	140,00	40,00	100,00
45.	20.02.81	132,00	32,00	100,00
46.	12.02.81	153,00	53,00	100,00
47.	11.01.81	182,00	82,00	100,00
48.	11.02.81	145,00	45,00	100,00
49.	07.02.81	150,00	50,00	100,00
50.	07.02.81	135,00	35,00	100,00
51.	01.02.81	124,00	24,00	100,00
52.	30.01.81	160,00	60,00	100,00

<i>Nr.</i> <i>kv.</i>	<i>Dagsetning</i> <i>kvittunar</i>	<i>Bókuð</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Upphafleg</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Mismunur</i> <i>fjárdreginn</i> <i>nýkr.</i>
53.	30.01.81	163,00	63,00	100,00
54.	28.01.81	132,00	32,00	100,00
55.	15.01.81	132,00	32,00	100,00
56.	28.01.81	147,00	47,00	100,00
57.	06.01.81	157,00	57,00	100,00
58.	07.01.81	123,00	23,00	100,00
59.	07.01.81	131,00	31,00	100,00
60.	08.01.81	184,00	84,00	100,00
61.	08.01.81	139,00	39,00	100,00
62.	10.01.81	120,00	20,00	100,00
63.	14.01.81	151,00	51,00	100,00
Samtals kr.		9.293,00	2.993,00	6.300,00

Árið 1982.

Dregið sér samtals kr. 9.623,00 sem rekja má til breytinga á eftirgreindum reikningsgögnum:

A. Kvittanir fyrir burðargjöldum janúar - ágúst 1982.

<i>Nr.</i> <i>kv.</i>	<i>Dagsetning</i> <i>kvittunar</i>	<i>Bókuð</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Upphafleg</i> <i>upphæð</i> <i>nýkr.</i>	<i>Mismunur</i> <i>fjárdreginn</i> <i>nýkr.</i>
2.	29.01.82	417,30	17,30	400,00
4.	05.01.82	614,40	14,40	600,00
6.	26.01.82	49,20	9,20	40,00
7.	29.01.82	166,70	66,70	100,00
8.	14.01.82	123,00	23,00	100,00
9.	13.01.82	112,10	12,10	100,00
10.	18.01.82	129,40	29,40	100,00
12.	25.01.82	154,00	54,00	100,00
14.	09.02.82	114,60	4,60	110,00
15.	12.02.82	42,10	2,10	40,00
17.	18.02.82	41,60	4,60	37,00
18.	03.02.82	119,00	19,00	100,00
20.	22.02.82	67,50	7,50	60,00
21.	09.02.82	47,50	7,50	40,00
25.	23.03.82	68,20	8,20	60,00

<i>Nr. kv.</i>	<i>Dagsetning kvittunar</i>	<i>Bókuð upphæð nýkr.</i>	<i>Upphafleg upphæð nýkr.</i>	<i>Mismunur fjárdreginn nýkr.</i>
27.	15.03.82	152,20	52,20	100,00
29.	08.03.82	121,50	2,50	119,00
30.	09.03.82	131,20	13,20	118,00
31.	31.03.82	121,40	21,40	100,00
32.	05.03.82	116,40	16,40	100,00
34.	02.03.82	140,00	10,00	130,00
35.	03.03.82	20,70	6,70	14,00
37.	23.04.82	48,20	8,20	40,00
38.	15.04.82	71,50	7,50	64,00
39.	26.04.82	113,20	13,20	100,00
40.	27.04.82	165,00	65,00	100,00
41.	23.04.82	181,20	8,20	173,00
42.	20.04.82	112,50	12,50	100,00
44.	05.04.82	115,70	15,70	100,00
45.	01.04.82	123,90	23,90	100,00
47.	02.04.82	110,70	80,70	30,00
48.	03.05.82	81,20	8,20	73,00
49.	05.05.82	112,50	2,50	110,00
50.	07.05.82	127,10	27,10	100,00
53.	21.05.82	410,00	10,00	400,00
55.	27.05.82	68,20	8,20	60,00
56.	02.06.82	618,50	18,50	600,00
67.	24.06.82	160,00	6,00	154,00
69.	30.06.82	61,00	6,00	55,00
	Samtals kr.	5.750,40	723,40	5.027,00

B. *Aksturnótur janúar - maí 1982.*

<i>Nr. nótu</i>	<i>Dagsetning nótu</i>	<i>Bókuð upphæð nýkr.</i>	<i>Upphafleg upphæð nýkr.</i>	<i>Mismunur fjárdreginn nýkr.</i>
2.	25.01.82	147,00	47,00	100,00
3.	25.01.82	151,00	51,00	100,00
5.	06.01.82	155,00	55,00	100,00
8.	16.04.82	180,00	80,00	100,00
9.	ó dags.	178,00	78,00	100,00
10.	18.04.82	155,00	55,00	100,00
11.	17.04.82	150,00	50,00	100,00

<i>Nr.</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Bókuð</i>	<i>Upphafleg</i>	<i>Mismunur</i>
<i>kv.</i>	<i>kvittunar</i>	<i>upphæð</i>	<i>upphæð</i>	<i>fjárdreginn</i>
		<i>nýkr.</i>	<i>nýkr.</i>	<i>nýkr.</i>
12.	06.05.82	160,00	60,00	100,00
13.	22.05.82	135,00	35,00	100,00
14.	19.05.82	150,00	50,00	100,00
15.	23.05.82	170,00	70,00	100,00
16.	26.06.82	170,00	70,00	100,00
	Samtals kr.	1.901,00	701,00	1.200,00

C. *Ýmsir reikningar janúar - ágúst 1982.*

<i>Nr.</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Bókuð</i>	<i>Upphafleg</i>	<i>Mismunur</i>
<i>reikn.</i>	<i>reikn.</i>	<i>upphæð</i>	<i>upphæð</i>	<i>fjárdreginn</i>
		<i>nýkr.</i>	<i>nýkr.</i>	<i>nýkr.</i>
2.	22.01.82	463,00	63,00	400,00
7.	22.02.82	165,40	65,40	100,00
8.	19.04.82	1.551,05	155,05	1.396,00
9.	15.06.82	535,30	35,20	500,00
11.	13.08.82	1.530,70	530,70	1.000,00
	Samtals kr.	4.245,45	849,45	3.396,00

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar:

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1978 16/2 í Kópavogi: Sátt, 50.000 gkr. sekt fyrir brot í umferðar- og áfengislögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Við munnlegan flutning málsins lýsti saksóknari yfir því að misræmi milli ákæru og niðurstöðu rannsókna tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins, en skv. henni var kvittun nr. 2 frá 1976 breytt úr kr. 180 en ekki kr. 80 eins og í ákæru greinir og árið 1977 hafi kvittun nr. 21 verið breytt úr kr. 300 í stað 200 eins og í ákæru greinir, beri að skýra ákærða í hag og lækka fjárdregna fjárhæð sem því nemur.

Saksóknari sagði augljósa ritvillu vera í ákæru varðandi burðargjalds

kvittun nr. 91 frá 1980. Upphæð eigi að vera kr. 1.440 í stað 1.400 eins og fram kemur í mismuninum.

Af hálfu ríkissjóðs hefur menntamálaráðuneytið í samráði við fjármálaráðuneytið gert kröfu þess efnis að ákærði verði dæmdur til að greiða skaðabætur í ríkissjóð er nemi þeirri fjárhæð er sannast að hann hafi dregið sér með ólögmetum hætti, allt að kr. 41.358,25 að viðbættum almennum sparisjóðsvöxtum til dómsuppsögudags skv. sundurliðun í kröfugerð dags. 26. júní 1985 og dómvöxtum frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Verjandi ákærða hefur krafist þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ríkisvaldsins og allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð. Til vara að ákærði hljóti þá vægustu refsingu sem lög frekast leyfa og dómur verði skilorðsbundinn. Bótakrafan verði lækkuð verulega. Þá krefst hann málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik:

Hinn 9. júlí 1982 ritaði ríkisendurskoðun ríkissaksóknara svohljóðandi bréf:

„Við endurskoðun á reikningshaldi Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis fyrir árið 1981 vöktu nokkur fylgiskjöl athygli fyrir það, að svo virtist að bætt hefði verið á þau tölustöfum, þannig að útgreiðsla hækkaði verulega.

Þegar þetta kom í ljós voru fyrirbyggjandi fylgiskjöl vegna yfirstandandi árs skoðuð og kom það sama í ljós á nokkrum þeirra. Aðallega er hér um að ræða staðgreiðslunótur fyrir póstburðargjöldum og leigubílaakstri.

Til þess að fá sérfræðiálit á þessu bað ríkisendurskoðun fr. Maríu Bergmann rithandarsérfræðing að skoða umrædd fylgiskjöl.

Þar sem það er álit ríkisendurskoðunar, stutt af álitsergerð fr. Maríu Bergmann, að um verulegar breytingar á fylgiskjöllum umræddrar stofnunar sé að ræða, þá er þess hér með óskað að þér, hr. ríkissaksóknari, takið mál þetta til þóknanlegrar meðferðar. Sendast yður í því sambandi álitsergerð fr. Maríu Bergmann og fylgiskjöl þau er hún fékk til skoðunar.

Að álit ríkisendurskoðunar þarf hér ekki að vera um tæmandi úrtak fylgiskjala að ræða vegna þessa tímabils, þ.e. árið 1981 og fyrstu 4 mánuði þessa árs, né heldur hafa fylgiskjöl fyrri ára verið athuguð, með þetta sérstaklega í huga.

Þess skal getið, að fræðslustjórinn í Vestfjarðaumdæmi, Sigurður K.G. Sigurðsson, hefur á hendi allar fjárreiður fyrir fræðsluskrifstofuna og til síðustu áramóta færði hann sjálfur bókhaldið. Bókhald þessa árs er hins vegar fært í ríkisbókhaldinu eftir fylgiskjöllum, sem fræðslustjórinn sendir.“

Sama dag fól ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn málsins.

Ákærði Sigurður K.G. Sigurðsson var settur í stöðu fræðslustjóra í Vest-

fjarðaumdæmi frá 1. október 1976 en skipaður ári síðar. Ákærði gegndi stöðunni þar til honum var veitt lausn um stundarsakir vegna máls þessa 14. júlí 1983.

Fyrstu 2 árin var ákærði eini starfsmaður fræðsluskrifstofunnar, en þá hóf Halldóra Hermanns Magnúsdóttir fulltrúi störf þar. Eins og fram kemur í bréfi ríkisendurskoðunar hafði ákærði með höndum allar fjárreiður fræðslustofunnar og færði bókhald hennar allt til ársloka 1981, er ríkisbókhaldið tók við.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 31. ágúst 1982 skýrði ákærði svo frá, að honum komi þetta ákaflega spánskt fyrir sjónir og kveðst alfarið neita því að hann hafi breytt umræddum nótum í hagnaðarskyni. Hins vegar hafi það oft komið fyrir að nótum hafi verið breytt eftir að þær fyrst voru skrifaðar. Þannig hafi mætti t.d. verið að kaupa frimerki og eftir að nota hafi verið skrifuð, hafi henni verið breytt, vegna þess að mætti hafi ákveðið að senda einnig bréf og póstburðargjaldi bréfanna þá verið bætt inn á nótuna með því að breyta einungis tölum. Þessar breytingar hafi ýmist verið framkvæmdar af mætta á pósthúsinu og þá með þenna mætta, eða af starfsmanni pósthússins.

Það hafi einnig gerst að mætti hafi ekið í leigubílum og eftir að leigubílstjórinn var búinn að skrifa nótuna, þá hafi mætti ákveðið að aka lengur með leigubílum og því viðbótarakstursgjaldi hafi þá verið bætt á nótuna með því að breyta upphæð nótunnar. Þetta gæti einnig hafa gerst á öðrum nótum, t.d. nótum yfir keypt ritföng, þar sem mætti hafi keypt meiri ritföng eftir að nota hafi verið skrifuð.

Mætta er bent á það álit rithandarsérfræðingsins, að allmörgum nótum hafi verið breytt. T.d. hafi verið breytt 18 nótum af 47 nótum yfir burðargjöld 1982. Einnig á nótur yfir burðargjöld 1981, þar hafi virst breytingar á 62 nótum af 139. Mætti segir að honum finnist þetta nokkuð margar breytingar, en kveðst ekki þora að segja neitt um það, hvort þessum fjölda nótna gæti hafa verið breytt á pósthúsinu.

Mætti er spurður um fyrirkomulagið við greiðslu á þessum nótum. Mætti kveðst hafa verið fræðslustjóri Vestfjarðaumdæmis frá 1. október 1976. Mætti hafi ekki haft undir höndum sérstakan bankareikning fyrir embættið, heldur hafi mætti verið með sjóð og fengið til hans mánaðarlegar greiðslur frá ríkissjóði. Upphæð þessara mánaðarlegu greiðslna hafi að nokkru leyti farið eftir fjárhagsáætlun og fjárlögum en nokkurt tillit hafi verið tekið til kostnaðar við rekstur embættisins. Endanlegt uppgjör hafi síðan farið fram eftir hver áramót. Þá hafi mætti fengið uppgæfið hver hafi verið peningannotkun embættis hans árið á undan og mætti sent fylgiskjöl yfir greiðslur í samræmi við það til ríkisbókhalds.

Mætti hafi þannig sjálfur lagt út fyrir flestum þessum nótum, úr framan-

greindum sjóði embættis hans. Þannig hafi mætti sjálfur tekið flesta burðargjaldsnóturnar og allar hinar nóturnar, sem um ræðir í máli þessu. Mætti sé með fulltrúa á skrifstofu sinni, Halldóru Magnúsdóttir, og stundum hafi komið fyrir að hún hafi farið með bréf í póst eða keypt frímerki. Mætti kveðst sannfærður um að Halldóra hafi ekki breytt einu eða neinu á þessum nótum.

Mætti hafi síðan geymt nóturnar á skrifstofu sinni á Ísafirði eða í íbúð sinni í Kópavogi, þar til nóturnar voru sendar til ríkisbókhalds. Eftir endurskoðun ríkisendurskoðunar hafi mætti síðan fengið gögnin til baka. Mætti kveðst tilbúinn að afhenda rannsóknarlögreglu öll þau gögn varðandi þetta bókhald sem mætti hafi undir höndum, þ.e. gögnin séu á skrifstofunni á Ísafirði.

Sú breyting hafi orðið á fyrirkomulagi á þessu ári að mætti hafi skilað nótum mánaðarlega til ríkisbókhalds. Þannig sé mætti búinn að skila fyrir yfirstandandi ár, fyrir mánuðina janúar til maí, og muni á næstunni skila nótum fyrir júní og júlí 1982.

Mætti er spurður um það hvernig bókhaldi embættisins hafi verið háttað. Mætti segir að frá sl. áramótum hafi hann fært sjóðbók, en fram til þess tíma hafi ekki verið um eiginlegt bókhald að ræða, heldur hafi mætti gert yfirlit yfir útgjöld eftir hvert ár. Þar hafi verið um að ræða samantekt á útgjöldum hvers árs fyrir sig. Mætti bendir á það, að útgjöld embættis hans hafi ekki verið mikil, og því hafi mætti ekki séð ástæðu til að halda venjulegt bókhald. Mætti hafi því til sl. áramóta ekki haldið neinar bækur yfir útgjöld embættisins, en samantektin eftir hver áramót hafi verið gerð eftir nóturnum, útlögðum kostnaði, samantekt yfir dagpeninga og svo framvegis. Upplýsingar um peningantöku embættisins hafi mætti getað fengið frá ríkisbókhaldi og borið það saman við fylgiskjölín, sem mætti hafði:

Ákærði var aftur yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 24. janúar 1983. Upphaf þeirrar skýrslu hljóðar svo:

„Mætta er í upphafi bent á það, að niðurstöður rannsókna í máli hans bendi eindregið til þess að skýringar mætta á breytingum á kvittunum standist alls ekki.

Mætti kveðst ekki hafa frekari skýringar á þessu en hann kom með í fyrri yfirheyrslu, að þarna sé um viðbótarkaup að ræða. Mætti bætir við að spurningin sé hver hafi breytt þessum nótum og til hvers. Mætti kveðst ekki muna eftir að hafa breytt þessum nótum sjálfur. Lesin er fyrir mætta hluti framburðar hans frá 31. ágúst sl. þar sem segir: „Þessar breytingar hafi ýmist verið framkvæmdar af mætta á pósthúsinu og þá með penna mætta eða af starfsmanni pósthússins.“ Mætti segir að þarna sé um misskilning að ræða, mætti muni ekki eftir að hafa nokkurn tíma sjálfur breytt nótum.

Mætti bætir við: „Undirrituðum hefur ekki verið kunnugt að hann hefði ótölulegan fjölda af breyttum nótum í bókhaldi fræðsluskrifstofunnar sem breytinganna vegna virðast vera gerðar í auðgunar- eða fölsunarskyni og af

þeim ástæðum hefur bókhaldi fræðsluskrifstofunnar verið framvísað til rétttra yfirvalda hverju sinni. Að athuguðu máli hefur hins vegar komið í ljós að nótur og bókhaldsgögn hafa meðal annars ekki verið dagsett eða þá með leiðréttum dagsetningum. Þetta kannaði undirritaður sérstaklega eftir viðtal við Svein Arason, fulltrúa í ríkisendurskoðun, þegar hann eða embættið hafði bent mér á það í bréfi vegna athugasemda um bókhald fræðsluskrifstofunnar. Að öðru leyti er undirrituðum til frekari áherslu ókunnugt um breytingar á nótum og skjölum.“

Aðspurður kveðst mætti muna eftir tilvikum, þar sem starfsfólk á pósthúsi og einnig leigubílstjóri hafi breytt nótu eftir að hún hafi verið skrifuð, ef að gerð hafi verið viðbótarkaup. Aðspurður um það hvort viðkomandi póstafræðslumaður eða leigubílstjóri hafi þá skrifað ofan í fyrri tölu á kvittun, kveðst mætti ekki hafa hugsað svo mikið um þessar kvittanir eða skoðað þær, að mætti geti ekki svarað þessari spurningu.

Mætta er bent á framburði 5 póstmanna á pósthúsinu á Ísafirði, sem muna ekki eftir að nótu hafi nokkru sinni verið breytt eftir að hún hafi verið skrifuð og fullyrða að aldrei sé skrifað ofan í stafi á nótunum, þar sem miklu fljótlegra sé að skrifa nýja nótu. Jafnframt er mætta bent á niðurstöður rannsóknar tæknideildar RLR, sem sýnir að nánast alltaf eru breytingar á nótum gerðar með annars konar penna eða bleki en nótan var fyrst skrifuð með og einnig að farið er ofan í stafi sem fyrir voru á nótunni.

Mætti kveðst ekkert hafa um þetta að segja. Mætta er bent á það að þarna stangist á, það sem mætti hefur sagt og framburður póstmanna. Mætti kveðst ekkert frekar hafa um þetta að segja.

Mætta er tjáð að rannsóknir sýni að kvittunum sé breytt þannig að upphæðirnar verði margfalt hærri en þær voru upphaflega á nótunum. Þannig hefði mætti átt að vera að greiða burðargjald fyrir tugi eða hundruð bréfa til viðbótar ef skýring mætta um viðbótarkaup sé rétt.

Mætti segir að oft sé hann að senda bréf og eftir að kvittun fyrir burðargjöldum hafi verið skrifuð, þá muni mætti eftir að hann þurfi að kaupa frímerki, sem geti verið fyrir tugi bréfa. Embætti mætta þurfi að senda ansi mikið af bréfum.

Mætta er bent á framburði póstafræðslumanna á pósthúsinu á Ísafirði, sem segja að mætti komi lítið sem ekkert með pósti fyrir fræðsluskrifstofuna á pósthúsið. Einnig er mætta bent á framburð Halldóru, fulltrúa mætta, sem kveðst ekki vita hvaða pósti mætti sé að fara með á pósthúsið, þar sem hún sé með aðalpóstinn.

Mætti telur það vera rétt hjá Halldóru, að hún fari með aðalpóstinn, en Halldóru eigi að vera kunnugt um það sem mætti er að gera, að hann fari með ýmsar sendingar. Mætti segir að hitt sé ekki rétt hjá póstafræðslufólkinu, að mætti komi þar lítið sem ekkert.“

Ákærði var enn yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 26. janúar 1983. Skýrslan hljóðar svo:

„Mætta er í upphafi sýndur framburður Jóns Kr. Bjarnasonar frá deginum áður, og mætti er spurður hvað hann vilji um hann segja. Svar: Ég hef afskaplega lítið um þetta að segja, ég hef verslað við Jón það er alveg rétt. Þær nótur (sic), sem tilheyra mér persónulega eða minni konu og mínum börnum, hef ég ógjarnan framvísað. Hafi það gerst þá er það eins og hvert annað slys.

Mætta er bent á það að í framburði Jóns komi fram að upphæðum á nótum hafi verið breytt eftir að þær fóru í hendur mætta og mætti spurður hvort hann ætli ekki að segja neitt um það atriði. Svar: Um þessar breytingar veit ég ekkert um, nema það sem ég veit að hann hefur sagt mér það oftast en einu sinni þau ár sem hann hefur keyrt mig sem eru orðin nokkuð mörg ár. Hann hefur tjáð mér að hann geymdi bókhald yfir þennan akstur. Hins vegar hef ég aldrei séð það bókhald og hvort að það sé 100% rétt fært eða útfært, treysti ég mér ekki til að segja neitt um.

Mætta er bent á það að Jón hafi sagt að hann færi nótur eftir bókhaldinu.

Mætti segir að hann hafi ekki hugsað um það hvernig Jón færi bókhald sitt en eins og mætti hafi áður sagt hafi hann alltaf reynt að taka út persónulegar nótur. Stundum hafi liðið 2 - 3 mánuðir þar til mætti hafi gert upp við Jón.

Mætti segir: Ég held að ég hafi ekki meira um þessa skýrslu Jóns að segja, þetta er hans bókhald, ég ber ekki ábyrgð á því.

Mætta er bent á að Jón Kr. Bjarnason leigubifreiðastjóri rökstyðji mjög rækilega að akstursnótunum hafi verið breytt eftir að þær komu í hendur mætta, m.a. hafi Jón getað sýnt það í bókhaldi sínu. Mætta er bent á að hann hljóti því að geta sagt til um hver hafi breytt nótnum.

Svar: Ég hef ekkert meira um þetta að segja. Ég kannast ekki við það. Minn kraftur hefur farið í það að passa þessar nótur en ekki í það að breyta þeim. Enda sé ég ekki ástæðuna fyrir því að vera að krunka í þessar nótur og breyta þeim upp á 100, kr. eða eitthvað svoleiðis. Þar að auki, eins og ég sagði áðan, hef ég ekkert sérstaklega skoðað þessar nótur. Ég hef súmmerað einu sinni á ári í sambandi við uppgjör en ekki skoðað sérstaklega eina eða aðra nótu.

Mætta er bent á það að einkennandi sér fyrir breyttar nótur að einnig sé búíð að breyta dagsetningum.

Mætti kveðst ekkert svar hafa við því og sjái ekki tilganginn í því að breyta dagsetningum.

Mætti er spurður að því hvort ekki sé verið að breyta dagsetningum til að þær passi við uppgefna ferðadaga. Svar: Ég kannast ekki við það.

Mætti er þá spurður hvort ríkisendurskoðun hafi gert við mætta athuga-

semnd um það að dagsetningar akstursnótna passi ekki við uppgefna ferðadaga mætta. Svar: Já það er rétt að þeir gerðu það og ég svaraði því með bréfi. Mætti kveðst ekki muna hvenær þetta var, en það geti verið að þetta hafi verið athugasemdir við reikningana 1980. Mætti kveðst ekki muna hvort síðan hafi verið gerðar athugasemdir við dagsetningar akstursreikninga.

Mætti kveðst vilja gera þá athugasemd við framburð Jóns Kr. Bjarnasonar, að mætti hafi ýmist greitt honum með ávísun eða peningum. Aðspurður um það hvaða reikningar þetta hafi verið, segir mætti að þarna hafi verið um 2 eða 3 reikninga að ræða. Hlaupareikningur eða ávísanareikningur við Sparisjóð í Súðavík, reikningur nr. 9. Hlaupareikningur við Landsbankann á Ísafirði, reikningur nr. 969. Sennilega hafi aðeins verið um þessa tvo reikninga að ræða og þetta sé persónulegir reikningar á nafni mætta.

Aðspurður segir mætti að ríkisendurskoðun hafi gert athugasemd vegna fjölda reikninga fyrir leigubílaakstur, samhliða því að gerð er athugasemd um fjölda ferða mætta til Reykjavíkur.

Mætta er sýndur bunki af leigubílaareikningum ársins 1981 og spurður hvort þetta geti talist eðlilegur fjöldi og hvort ekki sé líklegt að einhverjir persónulegir reikningar geti hafa slæðst þarna með. Svar: Það er ekki loku fyrir það skotið og það get ég ekki svarið fyrir. Það er ekki mitt að dæma um það hvort þetta sé eðlilegur fjöldi. Fjöldi í þessu sambandi fer eftir þeim verkefnum sem ég er að gera hverju sinni.

Mætta er bent á að rannsókn tæknideildar RLR svo og rithandarsérfræðings hafi leitt í ljós að breytingar, sem gerðar eru á póstburðarkvittunum, séu í langflestum tilvikum gerðar með öðruvísi penna og bleki heldur en það sem áður hafði verið skrifað. Mætti er spurður hvort það sé ekki vægast sagt ólíklegt að póstafræðslufólkið fari ávallt að skipta um penna ef það bæti inn á nótur og fari síðan að skrifa ofan í þá stafi sem það var áður búið að skrifa, sem tekur það lengri tíma heldur en að skrifa nýja nótu. Svar: Um þetta get ég ekkert sagt. Ég get haft skoðun á þessu en það eru bara vangaveltur.

Mætta er bent á að ef póstafræðslufólkið hafi verið að bæta inn á nóturnar tölustöfum, þá þurfi það ekki að vera að skrifa ofan í þá stafi sem fyrir voru, sem virðist vera gert í þeim tilgangi að leyna breytingunni, það er að segja, til að ekki sjáist að tölustaf hafi verið bætt inn á nóturna. Mætti er spurður um þetta.

Svar: Það er sama, ég hef ekkert um þetta að segja. Eins og ég hef sagt áður, hef ég stungið nótum í vasann án þess að skoða þær og síðan safnað þeim saman vegna uppgjors. Ég get ekki tjáð mig um þetta. Eina sem ég hef um þetta að segja er eiginlega að þetta verði bara að sannast fyrir dómstóli að ég hafi staðið í þessu að breyta nótum. Ég get ekki fullyrt eitt eða

neitt í þessum efnum. Ég hef tekið þessar nótur án þess að gera mér grein fyrir því að ég væri ekki með pottþéttar nótur. Ég er einnig viss um að margt annað megi finna að þessum nótum.

Mætta er bent á að af póstburðarnótum ársins 1981 og fyrri hluta árs 1982 hafi komið í ljós að um $\frac{2}{3}$ hlutar nótnanna hafi verið breytt. Mætta er jafnframt bent á það að þær póstburðarnótur, sem hann hafi ekki verið búinn að afhenda ríkisbókhaldi í ágústlok sl. og sem RLR fékk í hendur hjá honum, rúmlega 30 nótur, séu nær allar óbreyttar. Mætti er spurður, ef staðhæfing hans sé rétt um að nótnunum hafi verið breytt af póstafræðslufólkinu, hvers vegna þessar síðarnefndu nótur séu þá óbreyttar.

Svar: Þessu get ég ekki svarað. Ég get ekki svarað því vegna þess að þarna er um fullyrðingu að ræða um að breytingar hafi átt sér stað, og ég hef ekki séð þessar breytingar og get ekki tjáð mig um þær.

Mætta er bent á að sömu sögu sé að segja varðandi leigubílanótur. Mætti er spurður hvort skýringin sé ekki sú, að nótnunum sé ekki breytt af þeim, sem upphaflega skrifaði þær. Svar: Ég get ekki tjáð mig um það.

Mætta er bent á að þær nótur, sem hann var ekki búinn að afhenda ríkisbókhaldi, séu upp á áberandi lægri upphæðir heldur en breyttar nótur. Mætti er spurður skýringar á þessu. Svar: Skýringin hlýtur að vera minna keypt minna notað. Ég hef enga aðra skýringu.

Mætta er bent á að það mörgum nótum sé breytt, að ef það sé rétt hjá honum að póstafræðslufólkið breyti nótnunum, þá hljóti hann að geta bent á einhverja ákveðna aðila, sem það hafa gert.

Svar: Nei ég treysti mér ekki til þess, venjulega stendur á nótum hver hafi skrifað þær og það hljóta að vera þeir aðilar. Hins vegar er þarna einnig afleysingafólk og fólk þarf að fara í kaffi og þá hlaupa aðrir í skarðið og nota þá kannski hvers annars stimpil. Mér dettur þetta í hug, en það má ekki taka þetta sem neina fullyrðingu frá minni hendi.

Mætta er bent á það, að sárafaar kvittanir fyrir burðargjöldum árin 1981 og 1982 séu í heilum krónum. Hins vegar hafi rannsókn tæknideildar RLR og rithandarsérfræðings leitt í ljós að langflestar breytingarnar á kvittunum eru í heilum krónum og meirihluti breytinganna í heilum tugum króna.

Mætti er spurður hvernig að geti verið að það sem hann fyrst kaupir sé nær alltaf upp á krónur og aura, en það sem mætti síðan kaupir til viðbótar sé yfirleitt í heilum tugum eða hundruðum króna.

Svar: Ég hef nú enga skýringu á því. Ég verð að viðurkenna að ég kann ekkert á þessi frímerki. Ég bið bara um ákveðið magn af frímerkjum, þá á ég við frímerki fyrir ákveðna upphæð. Hvort ég hef fengið einhverjar krónur eða aura til baka, það þori ég ekkert að fara með.

Mætta er bent á að hann hafi borið að hann sjái ekki tilganginn í því að vera að breyta nótnum upp á nokkur hundruð króna. Mætta er jafnframt

bent á að fram hafi komið að hann fái fyrir uppgjör uppgæfið hjá ríkisbókhaldi hvað fræðsluskrifstofan sé búin að fá mikla peninga. Mætti er spurður hvað hann geri ef reikningar hans passi ekki við þá upphæð sem hann hafi fengið uppgefna, til dæmis ef reikninga vanti.

Svar: Ef að sá möguleiki er fyrir hendi að það vanti reikninga, þá er það mitt tap. Hafi ég það ekki bókað í mínum fórum að ég hafi gert þetta eða hitt, ég hef bókað í mínum fórum um ferðalög, en auðvitað hef ég bæði notað póst og síma í þessum ferðalögum og eins leigubíla. Ég held að þetta eigi nú bara við eitt ár, ætli það hafi ekki verið 1977 eða 1978, sem ég hafi ekki átt tekjuafgang, þannig að ríkissjóður hafi ekki skuldað mér en ég ekki ríkissjóði. Ég hef aldrei fengið athugasemdir frá einum eða neinum í sambandi við uppgöfin sjóð um áramót. Eins og ég sagði í ágúst hefur þetta verið ein barátta frá upphafi vegna þeirra litlu peninga, sem að fræðsluskrifstofan hefur fengið, enda hefur þetta ekki verið eins og segir í reglugerð að þetta eigi að vera. Ég held að það sé reglugerðin um störf fræðslustjóra, eða skólakostnaðarreglugerð:

Lögregluskýrslurnar staðfesti ákærði fyrir dómi 27. júní 1985.

Ákærði kom fyrir dóm 27. febrúar 1985. Hann var fyrst spurður um starfshætti við fræðslustjóraembættið. Hann skýrði svo frá að í reglugerð um fjárhagslegan grundvöll fræðsluskrifstofunnar (reglugerð nr. 182/1976 um störf fræðslustjóra) segi meðal annars að sveitarfélögin eigi að bera kostnað að sínum hluta og ríkið að sínum hluta. Þessi regla hafi til fjölda ára verið margbrotin, bæði af ríkinu og sveitarfélögunum. Fræðslustjórunum hafi nánast verið kastað út á akurinn án þess að hafa nokkuð í höndunum. Þetta hafi meðal annars orðið til þess, eins og hægt sé að færa sönnur á, að þeir fræðslustjórnarnir hafi þurft að halda embættunum uppi. Þeir hafi þurft að leggja út kostnað, peninga úr eigin vasa fyrir fræðsluskrifstofurnar. Hann hafi eitt árið átt umtalsverða fjárhæð inni hjá fræðsluskrifstofunni. Ríkissjóður hafi borgað sinn hluta treglega til að byrja með, en sveitarfélögin ekkert til fleiri ára. Þetta hafi ekki verið komið í viðunandi horf fyrr en undir lokin árið 1982, sennilega 1981. Þetta hafi orðið til þess meðal annars að hann opnaði ekki bankareikning, eins og reglugerðin gerði ráð fyrir. Hann hafi eiginlega í engu hagað sér öðru vísi en aðrir fræðslustjórnar, þeir hafi þurft að gera þetta meira og minna á eigin ábyrgð. Ennfremur skýrði ákærði svo frá að um eiginlegt bókhald hafi ekki verið að ræða nema einu sinni á ári, þá hafi verið gerð skil eftir árið því þetta hafi í sjálfu sér ekkert bókhald verið. Þetta hafi verið einfaldar nótur sem flokkuðust niður í þá málaflokka, sem voru mjög fáir. Þetta hafi ekki verið umfangsmikill rekstur, en rekstur samt. Ákærði skýrði svo frá að hann hafi fengið nokkur áminningsbréf (sic) frá ríkisbókhaldi og enn þá fleiri frá ríkisendurskoðun um að sér bæri að færa sjóðsbók og sér bæri að gera

hitt og þetta í sambandi við reksturinn. Hann hafi reynt að sinna þessu eftir megni, en væri hins vegar ósammála mörgum þessum athugasemdum. Hann kvaðst hafa haft bókhaldið á sínum vegum á skrifstofunni, en stundum hafi hann geymt fylgiskjölin á heimili sínu í Kópavogi. Bókhaldsskilin hafi farið þannig fram öll árin nema kannsi síðasta árið, að hann hafi afhent skjölin til menntamálaráðuneytisins. Þar hafi verið farið yfir þau, síðan hafi þau verið afhent ríkisbókhaldi og þaðan gengið boðleið til ríkisendurskoðunar.

Ákærði var spurður um hvernig það kæmi heim og saman við þá fullyrðingu hans að hann hefði rekið fræðsluskrifstofuna meira og minna fyrir eigið fé, að skv. reikningsuppgjöri fyrir árið 1976 var innistæða ríkissjóðs gkr. 870.591,00. Í árslok 1977 var innistæðan gkr. 5.121,00, 1979 gkr. 1.121.486,00 og 1980 gkr. 3.922.200,00. Hins vegar virðist innistæða ákærða hjá ríkissjóði í árslok 1978 vera gkr. 1.861.542,00. Ákærði kvað þetta ósköp einfalt mál. Þegar að hann segðist hafa rekið þetta meira og minna fyrstu árin fyrir eigið fé, þá þýddi það ekki að þegar að upp væri staðið og upp væri gert, að hann hafi ekki fengið sína peninga. Hann hafi fengið þá. Þegar hann talaði um þessa fullyrðingu hefði hann heilt ár í huga.

Ákærði kveðst ekki hafa haldið bréfabók fyrir fræðsluskrifstofuna þar sem skráð væru innkomin og útfarin bréf. Hann hafi talið nóg að stimpla móttökudag á innkomin bréf. Þó hafi sér verið kunnugt um að færsla slíkrar bókar væri bæði nauðsynleg og mjög gagnleg úr starfi sínu í ráðuneytinu á sínum tíma.

Aðspurður kveðst ákærði ekki hafa haldið rekstrar- og efnahagsbókhald fyrir fræðsluskrifstofuna sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 182/1976. Bókhaldinu hafi verið háttað þannig að hann hafi tekið saman árið. Það hafi ekki verið færð venjuleg sjóðbók mándarlega, eins og hefði verið æskilegt, eða daglega, eða vikulega, þetta hafi verið gert á ársgrundvelli. Árið hafi verið tekið saman að hann minnti í febrúar og jafnvel alveg fram í apríl árið eftir og þá skilað með fylgiskjölum rekstrar- og efnahagsreikningi ásamt eignarlista. Þetta hafi alls ekki verið eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Ákærði kvað reikninga fræðsluskrifstofunnar hafa verið endurskoðaða árlega sbr. 11. gr. reglugerðarinnar. Einnig hafi verið farið tölulega yfir skjölin hjá menntamálaráðuneytingu áður en þeim var skilað til ríkisbókhalds. Hinn kjörni endurskoðandi sveitarfélaganna Kristján Jónasson hafi endurskoðað bókhaldið ásamt Sveini Arasyni hjá ríkisendurskoðun öll árin, að hann taldi.

Aðspurður um hvort ákærði hefði haldið fjármunum fræðsluskrifstofunnar aðskildum frá sínu eigin fé, svaraði hann að hann teldi sig hafa gert það. Aðspurður um hvernig hann hefði gert það, kvaðst hann lengi vel hafa neitað að hafa bankareikning. Venjan hafi verið sú að það hafi safnast talsvert mikil inneign hjá sér á hendur ríkissjóði og þetta hafi hann gert upp þegjandi og hljóðalaust. Það hefði kannski verið betra núna að hafa staðfest bókhald um

það. En hann hafi litið á þetta ársuppgjör sem endanlega niðurstöðu um móttækna peninga og endanleg útgjöld hverju sinni. Aðspurður um hvort skilja mætti þetta sem svo að hann hafi ekki haldið fé fræðsluskrifstofunnar aðskildu frá sínu fé, kvaðst ákærði ekki geta svarað því öðruvísi en að þegar framlög ríkissjóðs komu, þá hafi hann auðvitað endurgreitt sjálfum sér það fé, sem hann hafði lagt út fyrir fræðsluskrifstofuna. Enn aðspurður um hvort ákærði hefði haldið fjármunum fræðsluskrifstofunnar aðskildum frá eigin fé t.d. á sér reikningum, kvaðst ákærði ekki hafa gert það með sérreikningum, hann hafi engan bankareikning haft yfir fé fræðsluskrifstofunnar þennan tíma.

Aðspurður kveðst ákærði sjálfur hafa endanlega gengið frá skjölunum til menntamálaráðuneytisins við ársuppgjör. Hann hafi sjálfur annast ársuppgjör. Knútur Þorsteinsson, fulltrúi í greiðsludeild menntamálaráðuneytisins, sem handskrifað hefur reikninga fyrir árin 1976, 1977, 1978 og 1979, hafi fengið vélritaðan lista frá sér, samantektarlista, og gert slíkt uppkast fyrir sjálfan sig. Hann hafi ekkert tekið saman, en farið yfir þetta með tilliti til þess hvort flokkunin væri rétt hjá sér, eða einhverjar nótur þyrftu frekari skýringa við. Einnig taldi hann að Knútur hefði gert þetta fyrir aðrar fræðsluskrifstofur.

Aðspurður um hvernig háttað hefði verið póstlagningu bréfa fræðsluskrifstofunnar og innkaupum á frímerkjum kvað ákærði að eftir að skrifstofustúlka hóf störf hjá sér 1978 hafi hún oftast en hann farið með pósti, en það hafi líka komið fyrir að hann hafi gert það sjálfur. Bæði hefði verið farið með pósti í slumpum og frímerki keypt í slumpum. Bréfin hafi ýmist verið frímerkt á skrifstofunni eða á pósthúsinu.

Aðspurður taldi ákærði þau skjöl sem liggja frammi í málinu vera þau sömu og hann lagði til grundvallar reikningsskilum. Hann tók fram að hann tæki enga afstöðu til þess hvernig skjölin væru útlítandi þegar hann tók þau saman, þau hefðu bara verið summuð í venjulega reiknivél og lögð fram sem bókhaldsgögn frá hans hendi og hann hefði ekki sett nein rannsóknargleraugu á skjöl, sem að hann hefði haldið að tilheyrdu raunverulega embættinu. Og þau hefðu verið þannig lögð fram í menntamálaráðuneytinu á sínum tíma og síðan í ríkisbókhaldi sem raunveruleg útgjöld.

Aðspurður kvað ákærði að auk sín og skrifstofustúlkunnar hefðu sérkennari og sálfræðingur, sem störfuðu þarna á tímabili haft aðgang að skrifstofunni. Einnig hefði eiginkona sín fyrrverandi haft aðgang að skrifstofunni. En hann kvaðst ekki eiga von á að þetta fólk hafi verið að bæta eða betrumbæta þessar kvittanir. Fyrir dómi 3. janúar 1986 skýrði ákærði svo frá að einungis hann eða eiginkona sín fyrrverandi hefðu haft aðgang að nótunum, allt það tæplega sex ára tímabil sem til útgjaldanna er stofnað. En aðrir hafi haft aðgang að þeim hluta tímabilsins hverju sinni.

Ákærði kom fyrir dóm 27. júní 1985. Aðspurður um hvort hagnaður sá sem myndast hefði við það að nótur voru notaðar við reikningsskil breyttar til hækkunar hefði ekki runnið í hans vasa, kvað ákærði það liggja í augum uppi ef gefin væri sú forsenda að nóturnar væru breyttar. Í hans huga hefði svo ekki verið. Hann hefði tekið nóturnar góðar og gildar.

Hinn 6. maí 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Halldóra Magnúsdóttir, fulltrúi fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis.

Hún skýrði svo frá að hún hefði starfað við fræðslustjóraembættið frá því í október 1978. Hún hafi séð um póstlagningu á mestum hluta póstsendinga fræðslustjóraembættisins. Aðallega hafi póstur verið sendur skólum í fræðsluumdæminu og reikningshöldurum, sem voru oddvitar í viðkomandi hreppum. Skólarnir hefðu verið 28 talsins. Póstsendingar hefðu einkum verið vegna tilkynninga um breytingar á reikningum og útsendingar á eyðublöðum til skóla. Slíkar sendingar hafi verið mismargar t.d. eftir tíðni launabreytinga, en eyðublöð hafi verið send tvisvar á ári. Mætta skýrði svo frá að í lok vinnudags færi hún með allan póst sem væri tilbúinn til sendingar. Yfirleitt hafi hún sjálf greitt fyrir bréfin og tekið nótu, sem síðan hafi verið greidd af Sigurði fræðslustjóra næst þegar hún hitti hann. Hún hefði aðeins keypt frímerki á þann póst sem hún sendi hverju sinni. Upphæð nótna á árinu 1982 hafi verið frá kr. 3, og upp í kr. 70 - 80. Í undantekningartilfellum fari þær upp í kr. 100 - 200. Hún kveðst ekki muna eftir að hafa nokkurn tíma greitt nótu að upphæð fleiri hundruð króna. Mætta sagðist ekki hafa greitt annað fyrir skrifstofuna en póstburðargjöld. Leigubifreiðar kvaðst hún ekki nota í starfi sínu.

Mætta kvaðst ekki vita hvort ákærði geymði greiddar nótur á fræðsluskrifstofunni eða á heimili sínu í Kópavogi, en hún hafi ekki haft aðgang að nótnum eftir að ákærði tók við þeim.

Mætta skýrði svo frá að Ingibjörg Harðardóttir sérkennari hafi haft lykil að fræðsluskrifstofunni, þar sem hún hafi haft aðgang að síma skrifstofunnar, en að öðru leyti hafi hún unnið í sér herbergi, því sama og Ása Guðmundsdóttir sálfræðingur hafði til afnota síðar. Mætta kvað Ásu ekki hafa haft neinn aðgang að fræðsluskrifstofunni.

Mætta kvað fyrrverandi eiginkonu ákærða Margréti Árnadóttur hafa haft lykil að fræðsluskrifstofunni. Hún hafi unnið á skrifstofunni við uppjör og fleira fyrir bensínafgreiðslu, sem hún rak á Ísafirði. Við þetta hafi hún unnið bæði þegar aðrir voru að störfum á skrifstofunni og þegar aðrir voru ekki viðstaddir, t.d. í hádeginu. Mætta kvaðst telja að Margrét hafi komið á skrifstofuna í þessum erindagjörðum nokkrum sinnum í viku, aðallega þegar ákærði var ekki á Ísafirði. Mætta kvað aðspurð að aðrir hafi ekki haft aðgang að skrifstofunni, en einu sinni að sumarlagi hafi hún komið að syni ákærða á skrifstofunni er hún kom úr hádegismat. Hann hafi verið þar að hringja.

Hinn 29. mars 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Ása Guðmundsdóttir, sálfræðingur.

Mætta kvaðst hafa starfað sem sálfræðingur hjá fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis frá 1. september 1980 til 31. ágúst 1982. Mætta kvað starfsaðstöðu sína hafa verið á fræðsluskrifstofunni að Hafnarstræti 6, Ísafirði. Mætta kvaðst ekki hafa haft aðgang að fræðsluskrifstofunni sjálfri nema þegar fræðslustjóri Sigurður K. G. Sigurðsson eða Halldóra, fulltrúi voru þar að störfum, heldur aðeins að því herbergi sem mætta hafði skrifstofu- aðstöðu í. Mætta kvaðst engan aðgang hafa haft að bókhaldi embættisins. Hún hefði ekki átt önnur erindi á skrifstofuna en til að ljósrita eða tala við fræðslustjórann.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Margrét Árnadóttir, fyrrverandi eiginkona ákærða. Gætt var ákvæða 89. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1979.

Hún skýrði svo frá að hún hefði ekkert komið nálægt bókhaldsgögnum fræðslustjóraembættisins á Vestfjörðum, eða nokkuð við þau átt.

Póstafgreiðslumenn hafa komið fyrir dóminn og borið um breytingar á nótum sem þeir hafa gefið út. Ekki er ástæða til að rekja þær skýrslur, en niðurstöðurnar eru teknar saman í yfirliti hér síðar. En hér verða raktir framburðir póstafræðslumanna um póstviðskipti fræðsluskrifstofu Vestfjarðarumdæmis og starfshætti á pósthúsinu.

Hinn 6. maí 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Hermanía K. Haraldsdóttir, bréfberi. Hún kvaðst hafa starfað sem póstafræðslumaður á pósthúsinu á Ísafirði frá því í október 1979, þar til á síðasta ári.

Aðspurð segir mætta að hún sé með ákveðinn stimpil á pósthúsinu, með nafni hennar og yfirleitt komi ekki fyrir að aðrir á pósthúsinu noti þennan stimpil, þó geti það í einstaka tilfellum átt sér stað, t.d. í kaffitímum og þess háttar.

Mætta er spurð um það hvort starfsfólk fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis versli mikið við pósthúsið. Mætta segir að Sigurður komi nokkuð oft á pósthúsið, en hann sé yfirleitt í erindum konu sinnar eða eigin erindagerðum en ekki að senda bréf fyrir fræðsluskrifstofuna, en þá póstlagt fá bréf. Hins vegar komi Halldóra oft með bréf á pósthúsið og yfirleitt fá bréf í einu og fá alltaf kvittanir fyrir. Mætta telur að yfirleitt séu þá nóturnar að upphæð 10 - 20 kr. á árinu 1982.

Aðspurð um breytingar á nótum, sem búið er að skrifa, segir mætta að þegar maður sé búinn að fá kvittun og ákveði síðan að kaupa eitthvað meira eða senda fleiri bréf, þá sé yfirleitt skrifuð ný kvittun fyrir viðbótarupphæðinni eða allri upphæðinni, en yfirleitt ekki breytt tölum á nótu, sem þegar er búið að skrifa. Þó sé það ekki útilokað að slík breyting sé gerð,

t.d. með því að bæta tölustafnum 1 framan við þá upphæð, sem þegar hefur verið skrifuð á nótna.

Mætta minnst þess að rætt hafi verið um það á pósthúsinu hvers vegna ákærði keypti ekki arkir af frímerkjum, eins og tíðkaðist hjá fyrirtækjum og kæmi með frímerkt bréf í pósti í stað þess að greiða fyrir fá bréfi í einu og fá nótu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Berta Guðmundsdóttir, pósthústrúi.

Mætta kvaðst hafa starfað á pósthúsinu á Ísafirði frá 1. janúar 1976. Aðspurð kvað mætta að nótnunum væri ekki breytt á pósthúsinu með því að skrifa ofan í tölur, heldur væru skrifaðar nýjar nótur ef þörf væri á, eða strikað yfir tölur og nýjar skrifaðar. Mætta kvað pósti frá fræðslustjóra-embættinu ekki hafa verið mikinn, fáein bréf á dag.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Elísabet Hálfánardóttir, húsmóðir.

Mætta kvaðst hafa starfað á pósthúsinu á Ísafirði frá því í september 1978 og þar til 1. júní 1979. Mætta kvað ákærða hafa komið nánast daglega á pósthúsið, ýmist til að símsenda peninga eða póstleggja bréf. Mætta kvaðst telja að ekki hefðu verið póstlögð mörg bréf daglega frá fræðsluskrifstofunni. Aðspurð kvað mætta að ef breytingar þurfti að gera á nótnum væri annaðhvort skrifuð ný nóta eða röng tala yfirstrikuð og leiðrétt fyrir ofan eða neðan, en tölum aldrei breytt með því að skrifa ofan í þær.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Sigríður Svavarsdóttir, næturvörður hjá Pósti og Síma.

Mætta kvaðst hafa starfað ósamfellt hjá Pósti og Síma frá 1978.

Mætta kvað aðspurð að ákærði hefði komið nánast daglega á pósthúsið, en ekki alltaf með pósti til sendingar. Mætta kvaðst ekki viss um hversu miklar póstsendingar fræðsluskrifstofunnar voru. Aðspurð kvaðst mætta ekki muna eftir að rætt hefði verið á pósthúsinu um tilhögun póstsendinga fræðslustjóra-embættisins.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kristmann Kristmannsson, stöðvarstjóri Pósts og Síma á Ísafirði.

Mætti kvaðst hafa verið pósthústrúi frá því í nóvember 1975 þar til hann varð stöðvarstjóri 1. febrúar 1982.

Mætti er spurður um notkunina á stimplunum með nafni hvers afgreiðslumanns. Mætti segir að þessi stimplar séu útbúnir nokkru eftir að fólk hefji störf og hafi hver maður sinn stimpil, sem hann geymi í læstum skáp, þegar stimpillinn er ekki í notkun. Hins vegar komi það fyrir þegar starfsmaður fari í kaffitíma og annar hlaupi í skarðið, að sá síðarnefndi noti stimpil þess fyrrnefnda.

Þá er mætti spurður um það hvernig séu skrifaðar kvittanir þegar maður hefur fengið kvittun fyrir greiðslu en ákveður síðan að kaupa eitthvað meira. Mætti segir að í þessum tilfellum sé annaðhvort skrifuð önnur viðbótarkvittun

eða að skrifuð sé kvittun fyrir heildarupphæðinni og fyrstu kvittuninni fleygt. Mætti segir að það sé að vísu ekki alveg útilokað ef viðbótarviðskiptin séu nákvæmlega 100,- kr. að þá sé bætt tölunni einn framan við upphæðina á fyrstu kvittuninni, en segir að þetta muni heyra til algerra undantekninga, enda sé langfljótlegast fyrir afgreiðslumann að skrifa nýja kvittun.

Mætti er spurður um viðskipti starfsfólks fræðsluskrifstofunnar við pósthúsið. Mætti segir að hér áður hafi Sigurður oft komið á pósthúsið með bréf fyrir fræðsluskrifstofuna. Eftir að Halldóra fór að vinna á fræðsluskrifstofunni virðist það hins vegar vera aðallega hún sem komi með bréfin frá fræðsluskrifstofunni.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Hulda Kristmannsdóttir, bankastarfsmaður. Hún kvaðst hafa starfað á pósthúsinu á Ísafirði sumrin 1981 - 1983.

Aðspurð um það hvort einhvern tíma sé breytt kvittun, sem þegar hafi verið skrifuð, segir mætta að hún minnst ekki að það hafi komið fyrir. Ef að maður kaupi eða greiði eitthvað meira eftir að kvittun hafi verið skrifuð, sé skrifuð viðbótarkvittun fyrir viðbótarupphæðinni.

Aðspurð kveðst mætta kannast við starfsfólk Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis. Mætta segir að þau hafi bæði komið á pósthúsið með bréf, en telur að Halldóra hafi oftast komið með bréf frá fræðsluskrifstofunni en Sigurður. Yfirleitt hafi þau komið með fá bréf í einu og kvittanirnar hafi því verið fyrir lágum upphæðum.

Aðspurð kveðst mætta ekki minnst þess að hafa nokkurn tíma séð mann breyta kvittun, sem hann hafði móttakið á pósthúsinu.

Hinn 28. maí 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Valgerður Jakobsdóttir, póstafræðslumaður.

Mætta er spurð um þau tilfelli, sem menn greiði eitthvað til viðbótar eftir að kvittun hefur verið skrifuð. Mætta kveðst muna eftir slíkum tilfellum. Þá sé yfirleitt annaðhvort að fyrri kvittunin sé rifin og skrifuð ný fyrir heildarupphæðinni eða að skrifuð sé viðbótarkvittun fyrir viðbótarupphæðinni. Mætta kveðst ekki muna eftir að hún hafi breytt þegar skrifaðri kvittun, t.d. með því að bæta tölustafnum 1 framan við þegar skrifaða upphæð. Mætta bendir einnig á, að oft komist slík viðbót ekki fyrir á þegar skrifaðri kvittun, þannig að vel fari á kvittuninni. Aðspurð kveðst mætta ekki muna eftir að hafa nokkurn tíma séð mann breyta kvittun, sem hann hafi tekið við hjá mættu. Hins vegar hafi hún séð menn skrifa eitthvað til minnis ofar á kvittanir.

Mætta kveðst kannast við starfsfólk Fræðsluskrifstofunnar á Ísafirði, bæði Sigurð og Halldóru. Mætta segir að þau hafi komið bæði með bréf frá fræðsluskrifstofunni á pósthúsið en Sigurður mikið minna.

Spurð um það hvort mikið sé sent af bréfum í einu frá fræðsluskrifstof-

unni, segir mætta að yfirleitt séu ekki mörg í einu, t.d. 4 - 5 bréf, en stundum séu þá sum þeirra þyngri en venjuleg bréf. Hins vegar komi stundum fyrir að komið sé með bunka í einu, það sé þá yfirleitt Halldóra og það sé oft um prentað mál að ræða. Þá nefnir mætta að oft séu hraðbréf og ábyrgðarbréf með í bréfasendingunum og þá verði auðvitað burðargjaldið hærra.

Hinn 31. maí 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Snorri Grímsson, bankamaður.

Mætti kveðst hafa hafið störf hjá póstaftgreiðslunni á Ísafirði 1. september 1980 og þar starfað til 1. júní 1982. Aðspurður kveðst mætti þekkja Sigurð Sigurðsson, fræðslustjóra, þannig að þeir séu málkunnugir.

Mætti kveðst hafa í nóvember 1980 fengið kvittanastimpil með nafni sínu árituðu í, en áður kveðst mætti hafa ritað nafn sitt í venjulegan dagsetning-
arstimpil. Mætti kveður það hafa verið viðtekna venju að hver starfsmaður á póstaftgreiðslunni notaðist við sinn eigin stimpil, sem síðan hafi verið lokaður niður í læstum kassa milli þess sem hlutaðeigandi aðili hafi ekki verið við störf. Mætti kveður þó eitt og eitt tilfelli hafa getað verið, að sá sem leyst hafi af í mat og kaffi hafi getað notað stimpilinn hjá viðkomandi, en gerð hafi verið grein fyrir því hverju sinni.

Aðspurður kvaðst mætti ekki hafa neinar skýringar á breytingunum sem gerðar hefðu verið á nótum, sem hann hefði gefið út. Mætti kvað ólíklegt að þessar nótur væru fyrir heilum örkum af frímerkjum, því hann hefði þá skrifað frímerkjafjöldann sinnum upphæðina á nótuna. Líklegt væri því að þessar nótur væru fyrir einstökum eða fáum frímerkjum. Mætti bar að ef hann hefði þurft að breyta nótum hefði hann skrifað nýjar en ekki breytt tölum.

Mætti kvað það hafa vakið athygli starfsfólks á pósthúsinu hversu háar fjárhæðir ákærði sendi oft í póstaðvísunum oftast til Kópavogs og ef til vill Reykjavíkur.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Björg Hauksdóttir, húsmóðir.

Mætta kveðst kannast við starfsfólk fræðsluskrifstofunnar, þau Halldóru og Sigurð. Sigurður hafi komið nokkuð oft á pósthúsið til að senda eigin málefni, en hins vegar sjaldan með bréf eða til frímerkjakaupa fyrir fræðsluskrifstofuna. Halldóra hafi hins vegar komið oft með bréf og fengið þá alltaf kvittun en sjaldan keypt frímerki. Þarna sé um að ræða bréf frá fræðsluskrifstofunni og Halldóra hefði komið með mest af þeim bréfum sem send eru.

Mætta kveðst hafa unnið á pósthúsinu á Ísafirði af og til sl. 7 ár. Mætta hafi þó ekkert unnið árið 1979 og eitthvað sumarið 1980. Spurð um viðbótarkvittanir ef maður hefur greitt eitthvað á pósthúsinu og fengið kvittun og ákveður síðan að kaupa meira. Mætta segir að hún muni ekki eftir að hafa nokkurn tíma breytt eða bætt á kvittun, sem hún hafi verið búin að skrifa, heldur gefi

hún frekar aðra kvittun. Mættu minnir t.d. að Sigurður hafi einhvern tíma fengið tvær kvittanir.

Spurð um stimpilinn, sem merktur er með nafni mættu, segir hún að það geti komið fyrir að einhver grípi stimpil hennar þegar hún sé í kaffitíma, en annars noti menn alls ekki stimpla hvers annars.

Mætta kvaðst ekki hafa skýringar á breytingum á nótum sem hún hefði gefið út en þær hafi ekki verið gerðar á pósthúsinu. Mætta kvað fjárhæðir nótnanna vera langt umfram það sem eðlilegt er miðað við þau viðskipti sem fræðsluskrifstofan hafði við pósthúsið. Reglulegur póstur hafi verið lítill.

Vitnið Vilborg Gunnarsdóttir, póstafræðslumaður skýrði svo frá fyrir dómi að ef breyta þyrfti upphæð á nótu, gæfi hún út nýja nótu.

Vitnið Rannveig Jónsdóttir, póstafræðslumaður skýrði svo frá fyrir dómi að hún breytti ekki nótum sem hún hefði skrifað, heldur skrifi hún nýja ef breytinga er þörf.

Leigubifreiðarstjórar hafa komið fyrir dóm og borið um breytingar á nótum, sem þeir hafa gefið út. Ekki er ástæða til að rekja þær skýrslur, en niðurstöðurnar eru teknar saman í yfirliti hér síðar. En hér verða raktir framburðir bilstjóranna um viðskipti þeirra við ákærða og aðferðir þeirra við útgáfu á kvittunum.

Hinn 29. mars 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Jón Kristján Bjarnason, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að hann þekkti ákærða enda sé mætti Ísfirðingur þeir séu þó ekki nánir kunningjar en málkunnugir og mætti hafi ekið Sigurði nokkrum sinnum og einnig hafi Sigurður hringt til mætta að vestan og mætti hafi flutt bréf að beiðni Sigurðar úr Arnarhvoli og út á flugvöll. Þá hafi mætti oft flutt Sigurð úr Arnarhvoli og á Álfrólsveg og ekið honum um bæinn, milli verslana o.fl. Sigurður hafi alltaf fengið nótu og yfirleitt alltaf greitt með ávísun.

Mætti er spurður hvort hann breyti einhverntíma nótum, sem hann er búinn að skrifa, með því að skrifa ofan í tölur. Mætti kveðst ekki muna eftir að hafa gert það, mætti kveðst vilja hafa sínar nótur sem snyrtilegastar og hann rífi þá frekar nóturna og skrifi nýja nótu. Mætti sé yfirleitt búinn að fylla út nótur sínar að hluta fyrirfram, það er að mætti hafi skrifað staðgreitt, ártalið og bílnúmerið og neðst undirskrift mætta fullu nafni. Þegar mætti fái síðan greitt fyrir ekinn túr, bæti hann inn á nóturna dagsetningunni, hvað er ekið og upphæðinni.

Mætti kvað ákærða oft hafa greitt aksturinn eftir á. Yfir slík viðskipti héldi hann bókhald. Yfirlit úr því hefur mætti lagt fram í málinu.

Þá tekur mætti fram að hann hafi alloft ekið fyrrverandi eiginkonu Sigurðar, Margréti Tómasdóttur (sic), út á flugvöll, utan af flugvelli og

einnig um og hún hafi alltaf beðið um nótu. Nótur í fórum RLR, sem ekki komi fram á listum mættu, geti því verið nótur fyrir akstur með Margréti. Þá hafi mætti einnig ekið með börn þeirra hjóna, í eitt eða tvö skipti og þá einnig gefið nótu fyrir akstrinum.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Óli Ómar Ólafsson, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að ef hann þurfi að breyta upphæð á nótu, skrifi hann alltaf nýja nótu, og mætti muni ekki eftir undantekningum frá því. Hins vegar gæti það komið fyrir að mætti hafi breytt dagsetningu með því að skrifa ofan í fyrri dagsetningu, en mætti geri lítið af því að ruglast á dagsetningum.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Guðlaugur S. Helgason, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að ef hann þurfi að breyta dagsetningu á nótu, þannig að af verði mikið krot, skrifi hann heldur nýja. Ennfremur sagðist hann setja sérstaka skýringu á nótuna, ef hann þyrfti að breyta upphæð.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Jón Hákonarson, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að nótu, sem hann gaf út 7. febrúar 1981, hefði verið breytt úr kr. 35, í kr. 135, enda væri það óvanalega hátt akstursgjald, miðað við venjulegan snatttúr um bæinn.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Oddur Vilhelm Guðmundsson, bifreiðarstjóri.

Mætta er sýnd nóta, dags. 17.09.1981, að upphæð kr. 139, Mætti telur að hann hafi skrifað allt á þessari nótu, annað en tölustafinn 1 í upphæðinni. Mætti kannast alls ekki við þann staf og man ekki til þess að hann hafi nokkurn tíma skrifað þennan tölustaf á þennan hátt, þ.e. að hafa hann tvöfalda. Til samanburðar bendir mætti á sömu tölustafi í dagsetningunni. Þá segir mætti að þessi tölustafur sé of framarlega á punktalínunni til að mætti geti hafa skrifað hann. Einnig bendir mætti á það að þetta sé ansi langur túr, þar sem startgjaldið á þessum tíma muni hafa verið um eða rúmlega 20, kr. Því hafi þessi nóta verið hækkuð um 100, eftir að mætti skrifaði hana og lét frá sér.

Mætti er spurður um möguleikann á því að þarna sé um viðbótarakstur að ræða.

Mætti segir að ef til komi viðbótarakstur eftir að hann hafi skrifað nótuna, þá skrifi hann alltaf nýja nótu, enda hafi fyrri nótunni trúlega verið fleygt, þegar ákveðið var að aka áfram. Þá bendir mætti á það að þessi viðbót, sé líklega nálægt klukkustundarakstri, sem er allt annað en skrepp á milli húsa og slíkur akstur sé ekki neitt sem menn gleymi þangað til búíð er að skrifa nótu.

Hinn 29. nóvember kom fyrir dóminn sem vitni Daníel Halldórsson bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að hann teldi nótu frá 21. október 1981 að fjárhæð kr.

145,00 óbreytta, en fjárhæðina óeðlilega háa, þar sem startgjald hafi verið aðeins kr. 22,00 að hann teldi.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Jökull Pétursson, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að hann teldi nótu frá 21. mars 1981, að fjárhæð kr. 131, vera óbreytta. Aðspurður kvað hann startgjald í dag vera kr. 115, og meðaltúr að degi kr. 150,00 til 170,00. Á kvöldin bættust 35% ofan á.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Bergmann Þorbergsson, bifreiðarstjóri.

Hann kvaðst hafa ekið ákærða nokkrum sinnum, m.a. einu sinni til Hafnarfjarðar, sennilega að degi til, en annars hefði hann ekið ákærða bæði að degi til og kvöldi til.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Erlendur Jónsson, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að hann teldi nótu frá 1. febrúar 1981, að fjárhæð kr. 145,00 vera óbreytta, en hún væri fremur há, sama fjárhæð og stystu túrar kostuðu í dag.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gísli Snorrason, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að hann væri óviss um hvort nótu frá 20. febrúar 1981 að fjárhæð kr. 140,00 hefði verið breytt, en hann teldi kr. 40,00 sennilegri fjárhæð fyrir túr á þessum tíma en kr. 140,00.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Hallgrímur Heiðar Steingrímsson, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að hann væri óviss um hvort nóta frá 4. mars 1981, að fjárhæð kr. 178,00 hefði verið breytt, en teldi upphæðina fremur háa.

Hinn 13. desember 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Geir Sigurðsson, bifreiðarstjóri.

Hann skýrði svo frá að nóta frá 21. október 1981 að fjárhæð kr. 133,00 væri óbreytt og hann teldi fjárhæðina ekki óeðlilega háa.

Ríkisendurskoðun gerði athugun á fylgiskjölum fræðsluskrifstofunnar og sendi það Rannsóknarlögreglu ríkisins með svohljóðandi bréfi, dags. 7. október 1982, undirrituðu af G. Magnússyni og Sveini Arasyni.

„Ríkisendurskoðunin hefur lokið athugun á fylgiskjölum fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis fyrir tímabilið október 1976 til ágúst 1982 með tilliti til meintra breytinga á upphæðum reikninga og kvittana.

Hjálagt fylgir yfirlit yfir breytingar hvers árs ásamt heildaryfirliti. Samkvæmt heildaryfirliti nema meintar breytingar alls kr. 41.358,25. Tekið skal fram að víða gæti óvissu um hvort breytingar hafi átt sér stað og/eða hversu miklar þær eru.“

Hinn 29. mars 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Sveinn Arason, deildarstjóri í ríkisendurskoðun.

Hann skýrði svo frá að í fyrstu hafi verið farið yfir bókhald og fylgiskjöl

fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis á sama hátt og annarra fræðsluskrifstofa.

Mætti segir að ákærði hafi í gegnum árin afhent ríkisendurskoðun fylgiskjölín, sem mætti hafi yfirfarið. Fylgiskjölín hafi verið flokkuð niður eftir því hvað verið var að kaupa svo sem burðargjöld sér og svo framvegis. Fylgiskjölunum hafi fylgt ársyfirlit. Hver bunki hafi verið lagður saman af ákærða með strimli og samanlögð niðurstöðutala færð inn á ársyfirlitið. Mætti segist hafa stemmt fylgiskjölín saman við reikningsstrimlana og uppgjórið. Mætti segist hafa verið í júní 1982 að skoða gögn fræðsluskrifstofunnar fyrir árið 1981 og gert venjulegan samanburð. Þá hafi mætti hnotið um einn eða tvo reikninga sem skrifað hafi verið ofan í upphæðir á. Þetta hafi leitt til þess að mætti hafi farið að skoða betur fylgiskjölín. Mætti hafi á þessum tíma ekki haft nema gögn ársins 1981, en haft aðgang að fyrstu mánuðum ársins 1982 hjá ríkisbókhaldi. Mætti segist síðan hafa fengið gögn ársins 1982 hjá ríkisbókhaldinu. Við frekari athugun mætta hafi hann séð fleiri tilvik þar sem reikningar virðist hafa verið hækkaðir upp með því að breyta upphæð þeirra, en mætti segir að sér hafi virst sem reikningunum hafi ávallt verið breytt til hækkunar.

Mætti segir að í framhaldi af þessu hafi Maríu Bergmann, skriftarsérfræðingi, verið afhentir reikningar til skoðunar, en álit hennar hafi komið fljótlega og var á þann veg að reikningum hafi verið breytt til hækkunar.

Þá hafi ákærði verið látinn afhenda ríkisendurskoðun eldri bókhaldsgögn, þ.e. frá upphafi sem var frá árinu 1976.

Mætti segir að ákærði hafi ekki gert sjóðbók fyrir en á árinu 1982, en það ár hafi sá háttur verið hafður á að mánaðarleg skil þurfi að gera til ríkisbókhalds með sjóðbók og fylgiskjölum.

Mætti segist hafa verið einn við ofangreinda endurskoðun á bókhaldi og fylgiskjölum fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis.

Hinn 29. mars 1985 kom fyrir dóminn sem vitni Knútur Þorsteinsson, fyrrverandi fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Aðspurður kveðst mætti hafa fært ársreikninga fyrir fræðslustjóraembættið á Vestfjörðum á árunum 1976, 1977, 1978 og 1979, eða þar til ríkisbókhald tók við bókhaldinu.

Aðspurður kvaðst mætti hafa haft undir höndum bókhaldsgögn þar á meðal nótur fyrir leigubifreiðarakstur, póstkostnað og ritfangakaup. Gögnin hafi verið geymd á skrifstofu mætta í möppum þeim sem þau komi í frá fræðslustjóraembættinu til ráðuneytisins.

Mætti kvaðst hafa lesið saman reikningsstrimla sem fylgdu nótum og nóturnar. Mætti kvaðst ekki hafa átt neitt við nóturnar og þær hefðu farið frá sér óbreyttar frá því sem þær voru er þær bárust honum. Mætti kvað nóturnar hafa borist beint úr pósti til sín og verið bókaðar óbreyttar.

Í álitgerð Maríu Bergmann, rithandarsérfræðings, sem er dagsett 5. júlí

1982 segir m.a.: „Samkvæmt beiðni ríkisendurskoðanda hef ég rannsakað eftirtalda reikninga, nótur og kvittanir:

1. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1981 nr.: 1-94 og 96-140.
2. Akstursnótur 1981 nr.: 1-63.
3. Kvittanir fyrir burðargjöldum 1982 nr.: 1-25 og 27-47.
4. Akstursnótur 1982 nr. 1-11.
5. Ýmsa reikninga 1982 nr. 1-8.

Að lokinni rannsókn á ofantöldum pappírnum er álit mitt svohljóðandi:

„Augljóst er að á fjölmörgum ofanefndra pappíra hafa verið gerðar breytingar á tölum. Ýmist hefur upphæðum verið breytt með því að bæta tölustöfum framan við upphaflega ritaða tölu eða að bætt hefur verið við tölustöfum á milli talna. Einnig hefur verið ritað ofan í tölur. Við þessar breytingar hafa upphæðir hækkað. Sjá meðfylgjandi skrár 1-5.

Á meðfylgjandi skráum hef ég eingöngu talið upp þær breytingar sem augljósastar eru. Á öðrum stöðum er um að ræða ofaniritun þar sem vafasamt er að fullyrða um hvaða tölum hefur verið breytt eða að líkur eru fyrir því að bætt hafi verið við tölum. (Sjá viðauka við skrá á akstursnótum 1981). Nokkrir pappíranna eru án breytinga.“

Rannsókn á verulegum hluta þeirra kvittana sem ákært er fyrir fölsun á fór fram hjá tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsóknina annaðist Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn. MeGINniðurstaða þeirrar rannsóknar er sú að nótum hafi verið breytt til hækkunar eins og í ákæru greinir.

Efnislegar niðurstöður yfirheyrslna yfir útgefendum þeirra skjala, sem í ákæru greinir og ætlað er að ákærði hafi breytt tölulega til hækkunar, eru eftirfarandi: Um er að ræða 316 skjöl alls, þ.e. einritaðar kvittanir, sem skipast í 236 burðargjaldskvittanir, 75 kvittanir fyrir akstur með leigubílum og 5 staðgreiðslukvittanir fyrir ýmsar rekstrarvörur.

Útgefendur 203 burðargjaldskvittananna hafa verið yfirheyrðir fyrir dómi. Í framburði sínum hafa þeir fullyrt að 172 kvittunum hafi verið breytt til hækkunar og ber saman við niðurstöðu tæknirannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins á nótunum. Varðandi 29 nótur eru þeir óvissir um hvort breytingar hafi verið gerðar, þótt í flestum tilfellum telji þeir að skrifað hafi verið ofan í tölur. Útgefendur 2 kvittana telja þær tölulega óbreyttar.

Útgefendur 36 akstursnótna hafa verið yfirheyrðir fyrir dómi. Þeir hafa borið að 16 nótum hafi verið breytt til hækkunar, að þeir geti ekkert fullyrt um 14 nótur, en fullyrða að 10 nótur séu óbreyttar tölulega frá þeirra hendi.

Útgefandi 1 staðgreiðslunótu vegna vörukaupa hefur verið yfirheyrður fyrir dómi. Hann gat ekkert fullyrt um hvort nótunni hefði verið breytt.

Niðurstaða:

Játning ákærða liggur hvorki fyrir um fjárdrátt úr sjóði fræðslustjóra-embættisins á Vestfjörðum né fölsun á kvittunum til að leyna honum. En í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu hinn 31. ágúst 1982 kvað ákærði oft hafa komið fyrir að burðargjaldsnótum hefði verið breytt, þegar hann hafi ákveðið að kaupa fleiri frímerki eftir að nóta hefði verið skrifuð. Þessar breytingar hafi verið gerðar ýmist af póstafræðslumönnum eða honum sjálfum og þá með hans penna. Nótum fyrir akstur með leigubílum hafi verið breytt á sama hátt, ef ákærði hafi ákveðið að aka lengra eftir að nóta hafi verið skrifuð. Sama gæti hafa átt sér stað t.d. við kaup á ritföngum. Þessar breytingar hafi þó ekki verið í hagnaðarskyni. Sú skýring ákærða, að útgefendur hafi breytt nótum, fær ekki staðist þegar virtur er nánast samhljóða framburður útgefendanna um að slíkar breytingar geri þeir ekki.

Í yfirheyrslum síðar hefur ákærði neitað að hafa nokkurn tíma breytt nótu, en þegar víst er að ákærði reyndi í þessari fyrstu yfirheyrslu að gefa sennilega skýringu á breytingunum, sem fær að vísu ekki staðist að öllu leyti, verður að telja að hann hafi viðurkennt að hafa bæði vitað af breytingum á nótunum og að hann hafi að einhverju leyti gert þær sjálfur.

Þá hefur framburður ákærða, nema í þessari fyrstu yfirheyrslu, einkennst af undanbrögðum frá að svara efnislega spurningum.

Telja verður nægilega útilokað að aðrir en ákærði hafi falsað kvittanirnar, þegar tekið er tillit til þess að hann hafði þær í sínum vörslum, allt þar til ársuppgjör var gert, að aðrir höfðu ekki aðgang að þeim allan tímann en hann og eiginkona hans fyrrverandi, viðurkenningar ákærða á að hann hafi breytt nótum þegar um viðbótarútgjöld hafi verið að ræða og að telja verður útilokað annað en að ákærði hafi haft vitneskju um breytingar á nótunum, þegar hann tók saman ársuppgjör. Bæði eru breytingarnar oft mjög augljósar og hækkun á fjárhæðum mikil og fyrir liggur fyrrgreind viðurkenning ákærða á að hann hafi breytt nótum.

Ákærði hélt ekki bókhald fyrir fræðslustjóraembættið eins og honum bar. Hann hélt ekki aðskildum fjárhag embættisins og sínum eigin, heldur blandaði fjármununum saman. Fyrir ársuppgjör fékk hann peningantöku embættisins uppgfna hjá ríkisbókhaldi.

Við mat á sönnun þess að kvittanir þær, sem ákært er fyrir fölsun á, hafi verið breytt þykja niðurstöður rannsókna tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins og Maríu Bergmann, rithandarsérfræðings verða lagðar til grundvallar. Þeim ber í öllum meginatriðum saman við framburð þeirra útgefenda kvittanna, sem yfirheyrðir hafa verið. En í þeim tilfellum, sem engin sérfræðirannsókn hefur farið fram, verður að telja fölsun ósannaða. Í þeim tilfellum, sem útgefendur fullyrða að fjárhæð kvittunar sé óbreytt frá þeirra hendi, verður ekki talin fengin lögfull sönnun fyrir fölsun, þrátt fyrir aðra

niðurstöðu sérfræðirannsóknar. Því telst sannað að kvittanir hafi verið falsaðar eins og í ákæru greinir með eftirtöldum undantekningum: Varðandi burðargjaldskvittun nr. 2 frá 1976 verður lögð til grundvallar niðurstaða Rannsóknarlögreglu ríkisins um að henni hafi verið breytt úr gkr. 180,- í stað gkr. 80. Á sama hátt telst sannað að burðargjaldskvittun nr. 21 frá 1977 hafi verið breytt úr gkr. 300,- í stað gkr. 200,-. Gegn framburði útgefanda telst ósannað að burðargjaldsnótur nr. 9 og 134 frá 1981 og akstursnótur nr. 16, 25, 28, 37, 40, 43, 47, 48, 51 og 54 hafi verið falsaðar. Þar sem ekki hefur farið fram sérfræðirannsókn á burðargjaldsnótum nr. 31, 35 og 46 frá 1981, akstursnótum nr. 62 frá 1981 og nr. 15 frá 1982 telst ósannað að þær hafi verið falsaðar. Ber því að sýkna ákærða af þessum liðum ákærunnar.

Þegar sakargögn öll eru virt og metin, verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi á árunum 1976 til 1982 dregið sér samtals kr. 39.558,25 úr sjóði Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis og leynt fjárdættinum með því að falsa kvittanir yfir rekstrargjöld og leggja þær þannig breyttar til grundvallar reikningsskilum ár hvert. Með þessu hefur ákærði gerst brotlegur gegn 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á brot það, sem hér um ræðir, en við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði gegndi opinberu starfi og hefur ekki að neinu leyti tjón af broti sínu. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Menntamálaráðuneytið hefur í samráði við fjármálaráðuneytið eins og fyrr greinir gert bótakröfu fyrir hönd ríkissjóðs þess efnis að ákærða verði gert að greiða hina fjárdregnu upphæð, auk vaxta.

Þykir mega taka kröfuna til greina að því marki sem fjárdrátturinn er sannaður en vextir skulu þó aðeins reiknaðir á fjárdregna fjárhæð hvert ár frá lokum þess. Ber því að dæma ákærða til að greiða menntamálaráðuneytinu f.h. ríkissjóðs kr. 39.558,25, með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 50.000,00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000,00.

Dóm þennan kvað upp Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, sem fékk mál þetta til meðferðar hinn 15. febrúar 1985.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði menntamálaráðuneytinu f.h. ríkissjóðs kr. 39.558,25 auk 13% ársvaxta af kr. 40, frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1978, af kr. 438,50 frá þeim

degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1979, af kr. 1.519,85 frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1979, 31% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1980, af kr. 2.304,65 frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1981, af kr. 9.152,15 frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1982, af kr. 30.035,25 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1983 af kr. 39.588,25 frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvexti frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvexti frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvexti frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvexti frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvexti frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvexti frá þeim degi til 11. maí 1985 og 22% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 50.000,00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1987.

Nr. 198/1986. **Helgi Reynir Björgvinsson og
Hanna Níelsdóttir**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Gylfa Sigurgeirssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Fasteignakaup. Verðtrygging. Vísitölutryggð veðskuldabréf.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason,
Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.